

Framtíð á Evrópsku efnahagssvæði?

eftir Kristínu Ástgeirsóttir

Á næstu mánuðum munu Íslendingar glíma við spurninguna um aðild að Evrópsku efnahagssvæði (EES) og í framhaldi af því hvort aðild að Evrópubandalaginu komi til greina fyrir Íslendinga.

Fyrir síðustu kosningar lýstu allir stjórmálflokkar því yfir að aðild að EB væri ekki á dagskrá. Hins vegar hefur það gerst á síðustu mánuðum að æ fleiri velta vöngum yfir aðild að EB og vilja kanna hvad hún felur í sér.

Við Kvænnlistakonur höfum tekið þann pól í hæðina að sjálfsagt sé að kanna málid frá öllum hlíðum til þess að Íslendingar viti um hvað valið stendur. Við erum þó sannfærðar um að Íslendingar eigi að biða átektu og hafna aðild að EES og EB. Min skoðun er sú að meðan ringulreið ríkir í Evrópu, hvort sem lítið er til vesturs eða austurs, sé rétt fyrir okkur að skoða okkar gang, þrýsta á samþykkt GATT-samninganna sem m.a. opna nýja möguleika fyrir sjávarútveginn, kanna aukin viðskipti við Asíulönd, Bandaríkin og Kanada og leita eftir tvíhlíða samningum við Evrópuríkin. Pótt við höfnum EES þurfa kjör okkar ekki að versna, vegna þess að í gildi eru viðskiptasamningar við þessi lönd og við getum leitað nýrra leiða.

Hvað vinnst og hvað tapast?

Pótt margir neiti því að með aðild að EES sé Ísland komið inn í fordyri Evrópubandalagsins og álti að hægt verði að búa við samkomulagið til frambúðar, eru þeir margir sem telja að sú sambúð verði afar ófullnægjandi til lengdar, enda yfirlýst markmið nánast allra ríkisstjórnar EFTA-þjóðanna að sækja um aðild að EB. Við hljótum að spryja okkur hver sérstaða Íslands sé, hvers vegna ætti annað að gilda um okkur en hinari EFTA-þjóðirnar þegar til lengdar lætur? Hvers lengi heldur sjávarútvegsstefna EB okkur utan dyra? Hvernig framtíð vilja Íslendingar fyrir börn sín? Viljum við Ísland innan eða utan hinna stóru efnahagsheilda, sem stefna að því að verða stórríki Evrópu? Vilja íslenskar konur tengjast á afgerandi hátt svæði þar sem staða kvenna er allt önnur og verri en við bekkjum? Hvað vinnst og hvað tapast? Pessum spurningum verður að svara í umræðum næstu mánaða.

Ég ætla hér á eftir að velta upp spurningum sem snerta stóru línumnar í málinu og snerta atriði sem ég tel vert að lhuga í umræðunni um aðild að EES. Evrópubandalagið verður að biða betri tíma, pótt ég

Hvað kostar EES okkur?

1: EES samningurinn og sú hugsun sem að baki býr byggist á vestrænum hugmyndaheimi þar sem hagvöxtur, frjáls samkeppni, iðnaður, neysluhyggi, hagur fyrirtækjanna og karlveldi ráða för. Hagspekin er augnablikssins þar sem gagnrýnislaus markaðshyggi situr í óndvegi. EES er framtíðarsýn þeirra sem telja að vestrænt hagkerfi sé hið eina rétta, hið stóra sé fremra hinu smærra, einsleitni betri en fjölbreytni, lögmál efnahagslífssins æðri lögmálum mannlifssins. EES sprottið upp úr andlausu embættismannaveldi Evrópubandalagsins þar sem lýðræði er af skornum skammti og afar langt á milli kjósenda og ráðamanna. Hvað verður um lýðræði og áhrif almennings á svæðinu og hvernig skyldi konum ganga að bæta hag sinn í þessari paradís stórfyrirtækjanna?

2. Meðan blæðandi sár móður Jarðar kalla á umönnun og gjörbreyttu lifnaðarhætti vesturlandabúa, blása karlarnir til áframhaldandi sóknar í sömu átt og fyrr, til að auka hagvöxtinn og til að Evropa nái til sín stærri skerf í samkeppinni við Bandaríkin og Japan. Sú stefna gengur þvert á brennandi börf fyrir sjálfbæra þróun og aukið jafnvægi milli ríkra þjóða og fátkra.

3. Samningurinn mun kalla á gifurlegt kerfi, stofnanir og þjónustu bæði heima fyrir sameiginlega fyrir samningsáðila og sérstaklega fyrir EB annars vegar og EFTA hins vegar. Hér á landi liggar ekki fyrir nein úttekt á því hvað samningurinn muni kosta okkur eða hvaða áhrif hann muni hafa á atvinnu- og efnahagslíf til góðs eða ills. Því er einfaldilega halddið fram að áhrifin verði mikil og góð fyrir efnahagslíf, án þess að það sé rökstutt á nokkurn hátt, en niðurstaðan gæti orðið önnur.

Hjálpræðið kemur að utan

4. EES á að verða hið nýja hjálpræði í þreingum þjóðarinnar, án þess að skýrt sé hvernig það að að gerast. Ærin einu sinni er þjóðinni ætlað að trúá á töfralausn að utan, meðan staðreynindir er sú að framtíðin er og á að vera í höndum okkar sjálfrá. Stóra spurningin er hvort við ráðum við samkeppnina að utan? Hvað um íslenska verktaða ef mun stærri fyrirtæki úti í Evrópu þjóða í verklegar framkvæmdir hér? Hvað um íslenskan iðnað sem nú býr við samdrátt í útflutningi, væntanlega vegna þess að hann á erfitt uppdráttar í samkeppinni? Hvernig eru bankar, tryggingafélag og aðrar þjónustustofnanir sem samningurinn nær til búnað undir vaxandi samkeppni? Hvað um þær gífurlegu fjármálgjá?



Kristín Ástgeirsóttir

„Pótt margir neiti því að með aðild að EES sé Ísland komið inn í fordyri Evrópubandalagsins og álti að hægt verði að búa við samkomulagið til frambúðar, eru þeir margir sem telja að sú sambúð verði afar ófullnægjandi til lengdar, enda yfirlýst markmið nánast allra ríkisstjórnar EFTA-þjóðanna að sækja um aðild að EB.“

fullunnar sjávarafurðir í auknum mæli á markað í Evrópu, þar sem samkeppnin er mikil fyrir, hvaðan eiga þeir peningar að koma?

5. Samningurinn um EES mun gera okkur erfðara fyrir að móta það þjóðfélag sem við viljum skapa sunn hver, þ.e. þjóðfélag sem byggist á jöfnuði, velferð fyrir alla, lýðræði og jafnvægi manns og náttúru. Aðæðan er sú að við verður bundin af ótal reglum og þeirri hugmyndrafraði sem gegnsýrir ekki aðeins samninginn heldur hugmyndagrundvöll EB. Í mörgum ríkjum Evrópubandalagsins er launum halddi niðri og verið að skera niður velferðarkerfið. Forsandan er sú að gera þurfi þjóðirnir samkeppnisfærar á markaðssvæðinu. Ríkisstjórn Íslands er reyndar byrjuð á sama verki í samræmi við það sem koma skal með efnahagssvæðinu. Hvernig „þarf“ ad-

launum og sköttum? Hvernig ei sveitarfélög og ríkið að afla sér bei tekna sem þau verða að afsala; vegna EES (t.d. aðstöðugjöldin), að mæta tekjutapinu með niðskurði á velferðinni? Tollalækka duga skammt par á móti.

EB mótar stefnuna

6. Með EES-samningnum er kúinn tekinn í ákvæðna átt. Það er við að steypa ríki Evrópu í sam móti, heild sem bundin verður af tu þúsundum laga og reglugerða se gilda eiga fyrir allt svæðið en e til orðin innan EB. Með EES-samningnum eru Íslendingar að gera aðilar að samkomulagi sem Evrópubandalagsþjóðirnar höfðu þegar geþó með nokkrum fyrirvorum og í yggisákvæðum. Það skal tekið frá að í reglum EB er margt gott finna, enda eru þau lönd kon lengra en við á ýmsum svíðum t í umhverfismálum, en þær reglum sem horfa til góðs getum við tilein að okkur án aðildar að EES.

Málið snýst um það að meta samninginn í heild og áhrif hans á lenskt samfélag. Þar er ekki unnið smáráði að tefla, heldur sjá fjórfrelsíð: frjálsa vörulutning þjónustu (m.a. banka- og trygging starfsemi), fjármagnslutninga (fjáfestingar) og fólkslutninga, að þess sem samningurinn kemur inn neytendavernd, stöðu vinnandi föllumhverfismál o.fl. Samningurinn takmarkar rétt okkar til að móta stefnu í þessum málaflokkum og v verðum að hlýða dóum að utan. Því felst ákvæðið valdaaflas. Hent slíkt kerfi í jafn litlu og sveiflkenndu samfélagi og við búum f?

7. Hversu lengi verður fullnægandi að taka við lögum og reglu frá Brussell og geta ekki haft ne áhrif á mótu þeirra?

Málið verði borið undir þjóðin

Þegar allt kemur til alls sný EES-málið um það hvort við ætlu sjálf að ráða för. Hvort við ætlu að stefna samfélagið okkar með lýðræðislegum hætti í þá átt sem v teljum besta utan EB-veldisins, eð að gangast undir leiðsögn miðstýringar- og karlaveldisbáknins í Evrópu og takmarka þar með frelsi ok ar til að velja og skapa, um leið en við afsöldum okkur hluta þeirra rétinda sem tók forseður okkar 114 (1830–1944) að ná úr höndum Dan

Við erum bundin af ýmsum alþjólegum samningum sem takmarkar fullveldi okkar, en ég fæ ekki se að EES-samningurinn færí íslensk þjóð þá ávinninga sem réttlæti það valdaaflas sem hann felur í sér. V komumst vart hjá því að fylgja með instraumum í verslun og viðskiptum og að aðlagast breyttum kröfum, e það krefst ekki aðildar að stóru efnahagsheildum og það á ekki að gerast gagnrýnis- og hugsunarlaus af því bara. Við skulum ekki má skrattann á vegginn, heldur vega með rókin og halda upp málefni legri umræðu. Ábyrgð okkar er mil il við með ákvörðunini um að sanþykkið eða hafna aðild að EES mörli um við okkur framtíðarstefnu. Þer það lágmarkskrafa að þetta mikilvæga mál verði borið undir þjóðin